

# Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

2016



Ríkisútvarpið ohf.  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
kt. 600307-0450

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2-4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	5-6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Yfirlit um eigið fé	10
Skýringar	11-28
Óendurskoðað fylgiskjal: Stjórnarháttayfirlýsing	29-30

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ríkisútværpsins ohf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútværpsins ohf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ríkisútvarpinu ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

## Lykilþáttur

### Mat á samningsbundnum sýningarréttindum

Samningsbundnr sýningarréttir námu samtals 1.568 millj. kr. í árslok 2016 eða 20% af heildareignum félagsins. Stjórnendur meta á hverjum reikningsskiladegi hvort vísbindingar séu til staðar um virðisrýrun.

### Viðbrögð i endurskoðuninni

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á forsendur stjórnenda um nýtingu á sýningarréttindum. Fenginn var listi yfir öll sýningarréttindi og var hann stemmdur af við bókhald og ytri gögn. Farið var yfir samningstíma sýningarréttinda, aldursgreiningu og farið var yfir forsendur og vinnu stjórnenda við mat á niðurfærsluþörf á samningsbundnum sýningarréttindum.

### Söluhagnaður fastafjármuna

Söluhagnaður fastafjármuna nam á árinu 1.535 millj. kr. Söluhagnaður myndaðist við sölu á byggingarrétti á hluta af lóð félagsins að Efstaleiti í Reykjavík. Færður söluhagnaður er háður mati stjórnenda á heildarsöluandvirði byggingarréttar og kostnaðarverði hins seldra.

### Viðbrögð i endurskoðuninni

Við endurskoðunina fórum við yfir samninga vegna sölu byggingarréttar, samþykkt deiliskipulag og fyrirætlanir um byggingarmagn en söluverð er háð endanlegu byggingarmagni. Einnig var farið yfir metið kostnaðarverð lóðar og kostnað við sölu og að koma lóð í söluhæft ástand. Farið var yfir hvort að forsendur í útreikningum væru í samræmi fyrilliggjandi gögn.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ríkisútvarpsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og útvarpsstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegi tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falíð í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralaustri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Reykjavík 10. mars 2017

Endurskoðendaþjónustan ehf.

Sævar Þór Sigurgeirsson

Sævar Þór Sigurgeirsson  
Löggiltur endurskoðandi

Sveinn R. Reynisson

Sveinn R. Reynisson  
Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Ríkisútværpsins ohf. fyrir reikningsárið 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Athygli er vakin á því að reikningsárið er tólf mánuðir, en samanburðarárið er sextán mánuðir. Aðalstarfsemi Ríkisútværpsins ohf. er fjölmöðlapjónusta í almannapágu, svo sem rekstur hljóðvarps og sjónvarps.

## Rekstur ársins 2016

Starfsemi Ríkisútværpsins hefur á undanförnum þremur árum verið endurskipulögð og hafa breytingar skilað þeim árangri að umtalsverður viðsnúningur hefur orðið í rekstri félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heldarafkomu nam hagnaður Ríkisútværpsins ohf. 1.429 millj. kr. á árinu 2016. Félagið færir söluhagnað vegna sölu byggingarréttar á lóðinni við Efstaleiti 1 á árinu, en hagnaður vegna sölu byggingarréttarins nemur 1.535 millj kr. Lokauppgjör vegna sölu byggingarréttar mun fara fram þegar endanlegt byggingamagn liggur fyrir. Hagnaður Ríkistúrværpsins af reglulegri starfsemi er 95 millj kr.

Í árslok námu heildareignir félagsins 7.837 millj. kr. og eigið fé var 1.869 millj. kr. Eiginfjárhlfall var 23,8% í árslok 2016. Fjöldi ársverka var 258.

Í lok reikningstímabilsins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði verði ráðstafað til hækjunar eigin fjár.

Viðræður standa yfir milli Ríkisútværpsins og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um skilmálabreytingu á láni sem Ríkisútparið er skuldari að. Samkomulag náðist milli aðila um frestun á afborgunarhluta greiðslu, sem var á gjalddaga þann 1. október 2016, þar til viðræðum lýkur. Fyrir liggur að Ríkistútparið mun þegar fram líða stundir, ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af lárinu miðað við óbreytt vaxtakjör og greiðsluskilmála lánsins, væntar tekjur félagsins og kröfu um óbreytta starfsemi. Viðræður standa yfir við lífeyrissjóðinn um skilmálabreytingu lánsins.

## Stjórnarhættir

Stjórn Ríkisútværpsins leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja í meginatriðum „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í endurskoðaðri útgáfu árið 2015. Ríkisútparið er með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem finna má á vef Kauphallarinnar. Nánari upplýsingar um stjórn Ríkisútværpsins og stjórnarhætti eru í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum.

## Ófjárhagslegar upplýsingar


Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og tóku þær gildi frá og með 1. janúar 2016. Í 66. gr. d. er krafa um að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Í yfirlitinu ber einnig að gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mítumálum ásamt því að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins og ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Ríkisútparið telst eingötluð til að fylla með ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Þá er aðildarríki Evrópusambandsins gildir fyrrgreint ákvæði frá og með árinu 2017 og hafa leiðbeiningar Evrópusambandsins vegna innleiðingar þess ekki verið birtar. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsársins hefur félaginu ekki tekist að ljúka innleiðingu á þessu ákvæði. Á árinu 2017 verður ákvæðið innleitt að fullu og verða fyrrgreindar upplýsingar birtar í næsta ársreikningi félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitnesku er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af rekstraraflkomu félagsins á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2016. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. hafa í dag farið yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 10. mars 2017

  
Gunnar Sturluson  
stjórnarformaður

Katrín Sigurjónsdóttir

  
Sjöfn Þórðardóttir

  
Jón Ólafsson

  
Friðrik Rafnsson

  
Mörður Árnason

  
Guðlaugur G. Sverrisson

  
Lára Hanna Einarsdóttir

  
Kristinn Dagur Gissurarson

  
Valgeir Vilhjálmsson  
Fulltrúi starfsmanna

  
Magnus Geir Þórðarson  
framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2016

	Skýr	1.1.2016 - 31.12.2016	1.9.2014 - 31.12.2015
<b>Rekstrartekjur</b>			
Almannapjónusta .....	4	3.802.175.563	4.890.529.042
Samkeppnisrekstur .....	4	2.236.287.473	2.881.278.177
		<u>6.038.463.036</u>	<u>7.771.807.219</u>
<b>Aðrar tekjur</b>			
Söluhagnaður .....	9	1.534.668.157	0
		<u>1.534.668.157</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Almannapjónusta .....	4	(4.974.332.221)	(6.393.881.326)
Samkeppnisrekstur .....	4	(440.004.907)	(567.361.492)
Afskriftir .....	8,10	(308.075.875)	(391.851.258)
		<u>(5.722.413.004)</u>	<u>(7.353.094.076)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		1.850.718.189	418.713.143
Fjármunatekjur .....		3.189.612	3.028.109
Fjármagnsgjöld .....		(314.216.076)	(444.440.527)
Gengismunur .....		89.996.829	36.860.588
Hrein fjármagnsgjöld .....	6	<u>(221.029.635)</u>	<u>(404.551.829)</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		1.629.688.554	14.161.314
Tekjuskattur .....	7	(200.500.090)	43.653.442
<b>Hagnaður og heildarafkoma</b>		<u>1.429.188.464</u>	<u>57.814.755</u>

# Efnahagsreikningur 31.12.2016

## Eignir

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	4.417.339.435	4.587.705.148
Óefnislegar eignir .....	10	139.634.780	162.064.881
Sýningarréttur .....	12	604.302.968	388.654.298
Reiknuð skatteign .....	16	0	200.500.090
Aðrar eignir .....	11	299.617.467	326.250.135
		<u>5.460.894.650</u>	<u>5.665.174.551</u>

## Veltufjármunir

Sýningarréttur .....	12	964.355.964	1.011.846.517
Viðskiptakröfur .....	13	1.390.450.123	431.509.896
Aðrar skammtímakröfur .....	13	18.879.435	21.126.465
Handbært fé .....	13	2.554.808	2.552.423
		<u>2.376.240.329</u>	<u>1.467.035.300</u>

## Eignir samtals

7.837.134.980      7.132.209.851

## Eigið fé og skuldir

### Eigið fé

Hlutafé .....	14	839.723.000	839.723.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		265.253.903	265.253.903
Óráðstafað eigið fé .....		763.878.228	(665.310.236)
Eigið fé samtals		<u>1.868.855.131</u>	<u>439.666.667</u>

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir .....	15	3.544.877.770	3.793.064.797
Aðrar fjárskuldir .....	15	269.440.313	273.386.101
		<u>3.814.318.083</u>	<u>4.066.450.898</u>

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	17	831.004.391	851.076.868
Skuldir við lánastofnanir .....		302.942.224	118.790.179
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	301.919.737	305.741.843
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....		503.491.303	473.925.830
Aðrar skammtímaskuldir .....	17	214.604.111	876.557.568
		<u>2.153.961.766</u>	<u>2.626.092.287</u>

### Skuldir samtals

5.968.279.848      6.692.543.185

## Eigið fé og skuldir samtals

7.837.134.980      7.132.209.851

# Sjóðstremmisyfirlit ársins 2016

		1.1.2016 - 31.12.2016	1.9.2014 - 31.12.2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....		1.850.718.189	418.713.143
Afskriftir .....	8,10	308.075.875	391.851.258
Söluhagnaður byggingarréttar .....	9	<u>(1.534.668.157)</u>	0
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		624.125.907	810.564.401
Sýningarréttur, (hækkun) lækkun .....	12	<u>(168.158.117)</u>	3.132.913
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun (hækkun) .....		61.179.470	<u>(125.551.564)</u>
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun) .....		<u>51.850.258</u>	<u>(106.018.728)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		568.997.518	582.127.022
Innborgaðir vextir .....		3.189.612	3.028.109
Greiddir vextir .....		<u>(214.092.887)</u>	<u>(137.709.436)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>358.094.243</u>	<u>447.445.695</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	<u>(356.416.086)</u>	<u>(323.787.393)</u>
Keyptar óefnislegar eignir .....	10	<u>(15.435.816)</u>	<u>(12.083.884)</u>
		<u><u>(371.851.902)</u></u>	<u><u>(335.871.277)</u></u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....	15	<u>(170.392.002)</u>	<u>(707.973.056)</u>
Innborgun vegna sölu á byggingarrétti .....		0	800.000.000
Breyting skulda við lánastofnanir .....		<u>184.152.045</u>	<u>(206.798.524)</u>
		<u><u>13.760.043</u></u>	<u><u>(114.771.580)</u></u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		2.384	(3.197.162)
Handbært fé í upphafi tímabils .....		2.552.423	5.608.303
Gengismunur af handbæru fé .....		0	141.282
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>2.554.808</u>	<u>2.552.423</u>

## Eiginfjáryfirlit árið 2016

---

	Hlutafé *	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
Staða 1.9.2014.....	839.723.000	265.253.903	(723.124.991)	381.851.912
Heildarafkoma reikningsársins....	0	0	57.814.755	57.814.754
Staða 31.12.2015.....	<u>839.723.000</u>	<u>265.253.903</u>	<u>(665.310.235)</u>	<u>439.666.667</u>
Staða 1.1.2016.....	839.723.000	265.253.903	(665.310.235)	439.666.667
Heildarafkoma reikningsársins....	0	0	1.429.188.464	1.429.188.464
Staða 31.12.2016.....	<u>839.723.000</u>	<u>265.253.903</u>	<u>763.878.229</u>	<u>1.868.855.131</u>

\* Útgefnir hlutir í lok tímabils eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmíðlaþjónustu í almannapágu og önnur starfsemi. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi frá 5. apríl 2016, milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra. Höfuðstöðvar félagsins eru að Efstaleiti 1, Reykjavík.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok reikningstímabilsins 31.12.2016, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja og/eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Áhrif þeirra á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin, að undanskyldum áhrifum vegna staðals IFRS 16 um leigusamninga, sjá skýringu 20.

## 3. Reikningsskilaðferðir

### Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla árið 2016

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

#### Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvárdanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði, hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugaldmiðill félagsins.

Upplýsingar um mikilvægar ákvárdanir þar sem reikningsskilaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýringu 8, varanlegir rekstarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Skýringu 16, reiknuð skattainneign. Mat stjórnenda á framtíðarnýtingu á yfirfaranlegu skattalegu tapi.

Skýringu 20, önnur mál. Mat stjórnenda á reikningshaldslegri meðferð þjónustu- og rekstrarleigusamnings.

### 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsári Ríkisútværpsins ohf. var breytt í ársbyrjun 2015, rekstrartímabil var frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir en er nú frá 1. janúar ár hvert til 31. desember sama ár. Þessi ársreikningur sýnir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2016. Ekki er til ársuppgjör fyrir sama tímabil frá fyrra ári en síðasta ársuppgjör sýnir rekstrartímabilið 1. september 2014 til 31. desember 2015, eða 16 mánuði. Til glöggunar fyrir lesandann er síðasta ársuppgjöri skipt upp í tvö tímabil hér að neðan, 1.9.2014-31.12.2014 og 1.1.2015-31.12.2015. Skipting á heildarafkomu eftir tímabilum er óendurskoðuð.

Samkvæmt lögum um fjöldlaðjónustu í almannajónustu nr. 23/2013 ber Ríkisútvarpinu ohf. að halda fjáreiðum alls reksturs vegna fjöldlaðjónustu í almannajágu aðskildum frá fjáreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútværpsins. Skal hlutlæg kostnaðaraðgreining á almannajónustuhlutverki Ríkisútværpsins byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Þess vegna hafa stjórnendur ákveðið að endurflokka tekjur og gjöld og sýna rekstur almannajónustu aðgreindan frá rekstri samkeppnisreksturs, samanburðartölur eru einnig endurflokkaðar í rekstrarreikningi. Ýtarlegar upplýsingar um tekjur og gjöld almannajónustu og samkeppnisreksturs eru í skýringu 4 með ársreikningnum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði, hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

#### Yfirlit heildarafkomu eftir tímabilum

	1.1.2016 - 31.12.2016	1.1.2015 - 31.12.2015	1.9.2014 - 31.12.2014
	óendurskoðað	óendurskoðað	óendurskoðað
<b>Rekstrartekjur</b>			
Almannajónusta .....	3.802.175.563	3.753.238.344	1.137.290.699
Samkeppnisrekstur .....	2.236.287.473	2.081.473.584	799.804.594
<b>Aðrar tekjur</b>			
Söluhagnaður .....	1.534.668.157	0	0
<b>Rekstrargjöld</b>			
Almannajónusta .....	(4.974.332.221)	(4.686.614.050)	(1.707.267.276)
Samkeppnisrekstur .....	(440.004.907)	(417.683.110)	(149.678.383)
Afskriftir .....	(308.075.875)	(281.335.599)	(110.515.659)
<b>Rekstrarhagnaður(tap)</b>			
	1.850.718.189	449.079.169	(30.366.026)
Fjármunatekjur .....	3.189.612	2.061.567	966.542
Fjármagnsgjöld .....	(314.216.076)	(353.379.357)	(91.061.170)
Gengismunur .....	89.996.829	46.376.054	(9.515.465)
Hrein fjármagnsgjöld .....	(221.029.635)	(304.941.737)	(99.610.092)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>			
	1.629.688.554	144.137.432	(129.976.118)
Tekjuskattur .....	(200.500.090)	30.415.432	13.238.010
<b>Hagnaður (tap) og heildarafkoma</b>			
	1.429.188.464	174.552.864	(116.738.109)

### 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttokin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarrekning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

#### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarrekning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og vaxtakostnaði af öðrum fjárskulduum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

#### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarrekning.

#### Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttингa á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður skattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

#### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnumarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármögnumarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtri lágmarks leigugreiðslu, hvort sem lægra reynist.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar verði óbreytt út samningstímann. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður nema þegar hann tilheyrir eignfærsluhæfri eign en þá er hann eignfærður í samræmi við reglur félagsins um meðferð lántökukostnaðar. Ófyrirséðar leigugreiðslur eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Ófyrirséðar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

### 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast féluginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skrádir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnudum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetið. Fasteign félagsins er ekki afskrifuð þar sem stjórnendur meta það svo að bókfært verð fasteingar sé lægra en hrakvirði. Matið byggist á því að fasteignamat eignarinnar, sem er umtalsvert hærra en bókfært verð, endurspeglar það sem félagið getur vænst að fá fyrir eignina í lok nýtingartíma hennar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

#### Sýningaráttur og óefnislegar eignir

Sýningaráttur og óefnislegar eignir eru skráðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Nýtingartími eignanna byggir á samningsbundnum réttindum. Sýningaráttur er gjaldfærður við frumsýningu. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningsskilatímabils. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunmar.

#### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna, annarra en tekjuskattsinneignar, til þess að meta hvort vísbending um virðisrýrnun þeirra sé til staðar. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárvstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

#### Gangvirði

Gangvirði er það verð sem fæst fyrir eign eða skuld í skipulögðum viðskiptum á milli aðila á matsdegi, hvort sem verðið er sýnilegt eða metið með öðrum matsaðferðum. Þegar gangvirði eignar eða skuldar er metið er tillit tekið til sömu einkenna eignarinnar eða skuldarinnar og aðilar á markaði myndu gera ef þeir væru að verðmeta eignir eða skuldir á matsdegi. Gangvirði fyrir mat og/eða skýringar í reikningsskilunum er ákvárdæd á þeim grundvelli, nema fyrir eignarhlutatengdar greiðslur sem falla undir IFRS 2, leigufærslur sem falla undir LAS 17 og mat sem svipar til gangvirðis en telst samt ekki gangvirði, t.d. endurheimtanlegt virði í LAS 2 eða nýtingarvirði í LAS 36.

Að auki, af reikningshaldslegum ástæðum, er gangvirðismat flokkað í 1. 2. og 3. stig sem byggir á sýnileika og mikilvægi breytanna í heildarmatinu. Stigin þrjú eru útskýrð með eftirfarandi hætti:

- Stig 1: söluverð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir sem eru aðgengilegar féluginu á matsdegi.
- Stig 2: breytur aðrar en markaðsverð sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint.
- Stig 3: breytur sem eru ekki markaðstengdar.

### **3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)**

#### **Fjármálagerningar**

Til fjármálagerninga teljast viðskiptakrōfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldur og aðrar skammtímaskuldur. Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Allur beinn viðskiptakostnaður er færður til hækunar á virði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

#### **Lán og kröfur**

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum og ákvárdanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádeginni virðisýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af handbæru fé, viðskiptakrōfum og öðrum krōfum. Til handbærs fjar teljast sjóður og óbundnar bankainnistiður.

#### **Virðisýrnun fjáreigna**

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýmað í verði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburður benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirku væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstaka mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánshættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisýrnunar.

Virðisýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisýrnunin var færð.

#### **Aðrar fjárskuldir**

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta. Aðrar fjárskuldir samanstanda af langtímalánum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

#### **Skuldbindingar**

